

## RE FW Sveitarfélagið Dalabyggð - 202302067 - Steinadalsvegur (690) Dalabyggð

**Til** : Þórdís Stella Erlingsdóttir <thordis.stella.erlingsdottir@skipulag.is>  
**Frá** : Sveitarstjóri Dalabyggð <sveitarstjori@dalir.is>  
**CC** : Þórður Már Sigfússon <>  
**Heiti** : RE FW Sveitarfélagið Dalabyggð - 202302067 - Steinadalsvegur (690) Dalabyggð  
**Málsnúmer** : 202302067  
**Málsaðili** : Vegagerðin  
**Skráð dags** : 14.04.2023 00:00:00  
**Höfundur** : Sveitarstjóri Dalabyggð <sveitarstjori@dalir.is>  
**Viðhengi** [image002.jpg](#)  
[image001.jpg](#)

Góðan dag, set hér skipulagsfulltrúa í cc.

Jú, staðfesti það hér með, sveitarstjórn staðfesti þessa fundargerð á fundi sínum í gær, fimmtudaginn 13. apríl.

Með vinsemd,

**Björn Bjarki Þorsteinsson**  
Sveitarstjóri Dalabyggðar  
s: +354 4304700  
Netfang / email: [sveitarstjori@dalir.is](mailto:sveitarstjori@dalir.is)  
[www.dalir.is](http://www.dalir.is)



-----  
Fyrirvari:

Þessi tölvupóstur getur innihaldið trúnaðarupplýsingar og er eingöngu ætlaður þeim sem hann er stflaður á.

Öll önnur notkun er óheimil og vísast til 47. og 74. gr. Laga nr 81/2003.

Disclaimer:

This e-mail may contain confidential information only intended for the addressee.

Please notify the sender if you have received this e-mail by mistake

-----

---

**From:** Þórdís Stella Erlingsdóttir  
**Sent:** föstudagur, 14. apríl 2023 14:03  
**To:** Sveitarstjóri Dalabyggð ; Dalir  
**Subject:** FW: FW Sveitarfélagið Dalabyggð - 202302067 - Steinadalsvegur (690) Dalabyggð

Góðan dag,

Ég sé á fundargerð Umhverfis- og skipulagsnefndar Dalabyggðar frá 11 apríl síðastliðnum að ofangreint mál var tekið fyrir og eftirfarandi bókun gerð;

### **10. 2304004 - Umsögn um Steinadalsveg (690)**

Umhverfis- og skipulagsnefnd telur að framkvæmdin sé ekki háð mati á umhverfisáhrifum framkvæmda skv. lögum nr. 111/2021 að teknu tilliti til viðmiða í 2. viðauka laganna.

Sveitarfélagið er leyfisveitandi þegar kemur að byggingar- og framkvæmdaleyfum og fer með skipulagsvald á svæðinu.

Nefndin vill benda á að fari vegstæði nær stórstraumsfjöru en 50m skuli leita álits Breiðafjarðarnefndar.

[Kynningarskýrsla Vegagerðarinnar á Steinadalsvegi \(690\) Gilsfirði.pdf](#)

Er um að ræða endanlega umsögn frá sveitarfélaginu í málinu?

Með kveðju,

---

**Þórdís Stella Erlingsdóttir**  
Sérfræðingur, svið umhverfismats / Specialist, Environmental Assessment  
Skipulagsstofnun - National Planning Agency  
Borgartún 7b, 105 Reykjavík, Ísland – Iceland  
sími 595 4100  
[thordis.stella.erlingsdottir@skipulag.is](mailto:thordis.stella.erlingsdottir@skipulag.is)  
[www.skipulag.is](http://www.skipulag.is)  
[www.facebook.com/skipulagsstofnun](https://www.facebook.com/skipulagsstofnun)

Skipulagsstofnun  
Borgartún 7b  
105 Reykjavík  
[skipulag@skipulag.is](mailto:skipulag@skipulag.is)  
[thordis.stella.erlingsdottir@skipulag.is](mailto:thordis.stella.erlingsdottir@skipulag.is)

29.03.2023  
2023-03-9/0.11.2

## Efni: Umsögn Landsnets um tilkynningu Vegagerðarinnar um Steinadalsveg (690) í Dalabyggð

Landsneti barst, þann 1. mars 2023, beiðni um að veita umsögn um tilkynningu Vegagerðarinnar um Steinadalsveg (690) í Dalabyggð. Um er að ræða endurbýggingu núverandi vegar á um 6,5 km löngum kafla milli Vestfjarðavegar (60) og Ólafsdals í sunnanverðum Gilsfirði í Dalabyggð. Umsagnafrestur er til 30. mars 2023.

Landsnet hefur farið yfir gögnin sem fylgdu erindinu. Hlutverk Landsnets er með lögum nr. 65/2003 að annast flutning raforku og kerfisstjórnun. Í umsögn Landsnets er fyrst og fremst tekin afstaða til málefna sem snúa að því.

Eins og fram kemur í kynningarskýrslu Vegagerðarinnar liggur Geiradalslína 1 um fyrirhugað framkvæmdasvæði. Línan, sem er 132 kV loftlína, tengir Vestfirði við meginflutningskerfið. Línan liggur nokkuð samsíða vegarkaflanum sem um ræðir og þverar núverandi veg á þremur stöðum. Auk þess liggur vegurinn á köflum mjög nærri helgunarsvæði línunnar. Gert er ráð fyrir efnistöku úr skeringum meðfram veginum og úr námum E-62 - 64. Náma E-64 liggur undir Geiradalslínu og náma E-62 liggur neðan línunnar í nokkrum halla.

Áhrifasvæði loftlína vegna landnotkunar miðast við helgunarsvæði línunnar. Samkvæmt reglugerð um raforkuvirki nr. 678/2008 skal af öryggisástæðum skilgreina lágmarksfjarlægðir raflína til annarra mannvirkja. Helgunarsvæði loftlína er breytilegt og er ákvarðað í hverju tilviki eftir gerð mannvirkisins í samræmi við íslenska staðla. Breidd svæðisins fer m.a. eftir spennu, hæð mastra og bili milli mastra. Dæmigerð lágmarksbreidd helgunarsvæðis 132 kV háspennulína er 35-45 m, þ.e. 17,5 – 22,5 m til hvorrar hliðar.

Landsnet bendir á að ekki má hefja vinnu nálægt flutningsvirki í rekstri nema fyrir liggi heimild frá fyrirtækinu. Upplýsa skal Landsnet ef vinna er fyrirhuguð nærri spennuhafa háspennulína og hugsanlegt er að Landsnet skipi spennuvörð á verkstað á meðan á framkvæmdum stendur. Sérstaka aðgát skal hafa við vinnu nærri eða undir spennuhafa háspennulína og virða skal öryggisfjarlægðir. Tryggja þarf persónuöryggi á framkvæmdatíma, sem og að framkvæmdin ógni ekki afhendingaröryggi rafmagns. Það á sérstaklega við um efnistöku og flutninga undir háspennulínunni, s.s. í hallandi landslagi. Einnig þarf að tryggja að hætta aukist ekki vegna náttúruvár, s.s. grjóthruns, sem ógnað geti afhendingaröryggi.

Mikilvægt er að framkvæmdir hindri ekki aðgang að línunum vegna eftirlits, viðhalds og viðgerða. En það getur átt við aðgengi ýmissa vélknúinna tækja, allt eftir eðli verkefna.

Frekari upplýsingar um skipulag og framkvæmdir við háspennulínur er að finna í leiðbeiningabæklingnum *Háspennulínur – aðgát skal höfð* sem er að finna á heimasíðu Landsnets<sup>1</sup>.

Samráð skal haft við Landsnet um framkvæmdir innan helgunarsvæða háspennulína á vegum fyrirtækisins. Einnig þarf leyfi Landsnets vegna vinnu nálægt flutningsvirki í rekstri.

Virðingarfyllt

---

Hlín Benediksdóttir  
Yfirmaður Verkundirbúnings og hönnunar

---

<sup>1</sup> <https://www.landsnet.is/library?itemid=3621e393-da27-4fe6-904e-76d3373f4932>

Hlín Benediktsdóttir



Undirritað af:  
Hlín Benediktsdóttir  
0605814019  
Dags: 29.03.2023  
Tími: 22:04:24  
Astæða: Samþykkt  
Signet ID: fef2e0b4-1236-  
4b1a-b6e7-4d7e72762a46



# Heilbrigðiseftirlit Vesturlands

Hvalfjarðarsveit 30. mars 2023

## Skipulagsstofnun

Borgartún 7b

105 Reykjavík.

Netfang: [skipulag@skipulag.is](mailto:skipulag@skipulag.is) og [thordis.stella.erlingsdottir@skipulag.is](mailto:thordis.stella.erlingsdottir@skipulag.is)

Heilbrigðiseftirliti Vesturlands barst erindi í tölvupósti 1. mars s.l frá Skipulagsstofnun vegna tilkynningu um könnun á matskyldu vegna framkvæmda á Steinadalsvegi (609) í Gilsfirði í Dalabyggð. Með erindinu fylgdi „Kynningarskýrsla vegna könnunar á matskyldu“ sem unnin var af Hönnunardeild og Vestursvæði Vegagerðarinnar febrúar 2023.

Í kynningarskýrslunni kemur fram að vegurinn frá vegamótum Vestfjarðarvegjar og að Ólafsdal í Gilsfirði, alls um 6.5 km leið, verði endurbyggður á árunum 2023 til 2024. Um sama vegstæði er að ræða að mestu leyti og vegur verði breikkaður og á hann sett slitlag. Tvö vatnsverndarsvæði eru í nágrenni framkvæmasvæðis en munu þó hvergi koma nálægt framkvæmdunum sjálfum. Þetta eru grannsvæði vatnsverndar í Holtahyrnu-Brekkuadalur og í Ólafsdalshyrnu.

Áætlað er að efnistaka fyrir vegaf framkvæmdirnar verði 70.000 m<sup>3</sup> sem tekið verði úr námum og skeringum í nágrenni framkvæmdasvæðis. Efnistaka úr skeringum verður 40.000 m<sup>3</sup> og efni úr námum 30.000 m<sup>3</sup>. Námur eru merktar inn á kort í skýrslu af nýjum uppdrætti Aðalskipulags Dalabyggðar. Þetta eru náma á Ólafsdalseyrum (náma E64) og svo Stallar í Króksfjarðarnesi í Reykhólahreppi.

HeV bendir á að í töflu 6 í kafla 3.2.3 stendur „Ólafsfjarðareyrar“ en á líklega að vera Ólafsdalseyrar. Í kafla 3.4 í kynningarskýrslunni er fjallað um- Vinnubúðir og aðstaða verktaka-.

Þar segir að „ekki sé vitað hvar vinnubúðir verða staðsettar, en þær mundu standa í 12 til 15 mánuði og verða síðan fjarlægðar eftir það“. Reiknað er með 20 störfum við vegaf framkvæmdirnar á starfstímanum.

Heilbrigðiseftirlit Vesturlands telur almennt að vel sé gerð grein fyrir framkvæmdinni í heild sinni, umhverfi, mótvægisáðgerðum og vöktun en óskar samt sem áður eftir nánari upplýsingum um starfsmannabúðirnar í næstu útgáfu gagna fyrir framkvæmdina, þ.e hver staðsetningin er, hvernig verður öflun á neysluvatni háttáð svo og fyrirkomulag fráveitu fyrir aðstöðuna. Rekstur starfsmannabúða (s.s sorp, gisting, snyrtingar, sturtur og mótuneyti) er starfsleyfiskyld hjá heilbrigðiseftirlitinu skv. lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir. Neysluvatn í starfsmannabúðum skal einnig standast ákvæði reglugerðar um gæði neysluvatns. Þá ber einnig að gæta að geymslu olíuefna á vinnusvæði og hvernig þeim málum verður háttáð, þ.e magn, staðsetning og geymslueiningar olíu.

Heilbrigðiseftirlit Vesturlands telur að framkvæmdin þurfi ekki fara í mat á umhverfisáhrifum að teknu tilliti til viðauka 2, um lög um umhverfismat framkvæmda og áætlana.

Virðingarfyllt,  
  
Heilbrigðiseftirlit Vesturlands

Skipulagsstofnun  
Borgartún 7b  
105 REYKJAVÍK

Garðabær, 29. mars 2023  
Málsnúmer: 202303-0002  
SS

### Efni: Umsögn um matsskyldu framkvæmdar um Steinadalsveg.

Vísað er í tölvubréf frá Skipulagsstofnun, dags. 1. mars 2023, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um hvort framkvæmd Vegagerðarinnar á endurgerð hluta Steinadalsvegar (690) í Dalabyggð sé háð mati á umhverfisáhrifum eða ekki.

Um er að ræða 6,5 km langan kafla á Steinadalsvegi, milli vegamóta við Vestfjarðaveg (60) í norðanverðum Saurbæ nálægt Gilsfjarðarbrú og Ólafsdals. Stefnt er að endurbyggingu núverandi vegar. Markmið framkvæmdarinnar er að bæta vegsamgöngur inn í Ólafsdal og auka öryggi. Framkvæmdasvæðið nær til vegstæðisins, veltenginga og nokkurra efnisnáma og framkvæmdin til byggingar vegarins og efnistöku. Fyrir utan stuttan kafla liggur framkvæmdin innan núverandi veghelgunarsvæðis. Þar sem veglínan liggur fyrir utan er um raskað og að mestu ógróið svæði að ræða.

Eins og fram kemur í tilkynningunni liggur fyrirhugað framkvæmdasvæði á um 460 m kafla innan svæðis á C-hluta náttúruminjaskrá þar sem finnast merk sjávarsetlög með skeljaleifum frá lokum ísaldar. Fornir sjávarbakkar eru í um 30 m hæð yfir sjó og hafa fornskeljar verið mest rannsakaðar við Kaldrana og Tjaldanes. Á framkvæmdasvæðinu er einungis um enduruppbyggingu vegarins að ræða og því ekki stórt svæði sem verður raskað. Engu að síður ætti að láta Náttúrufræðistofnun vita ef fornskeljar finnast við sunnanverðan Gilsfjörð þar sem rannsóknir á setlögum skortir.

Efni í framkvæmdina mun fást úr skeringum á framkvæmdasvæði og námum í nágrenni framkvæmdasvæðisins. Ekki er þörf á að opna nýjar námur.

Ef vel er hugað að frágangi og að forðast óþarfa rask á framkvæmdatíma, líkt og stefnt er að miðað við innihald tilkynningarinnar, telur Náttúrufræðistofnun afar ólíklegt að framkvæmdin valdi neikvæðum umhverfisáhrifum og telur ekki þörf á að hún fari í fullt mat á umhverfisáhrifum.

Virðingarfyllst,

*Snorri Sigurðsson*

Snorri Sigurðsson  
Sviðsstjóri náttúruverndarsviðs





Skipulagsstofnun  
Þórdís Stella Erlingsdóttir  
Borgartúni 7b  
105 Reykjavík

Hafnarfjörður 2. mars 2023  
Tilv. 2023-03-02-0167/2.4.1

Efni: Varðar Steinadalsvegur (690) Dalabyggð

Með tölvupósti þann 1. mars sl. leitar Skipulagsstofnun umsagnar Fiskistofu varðandi hugsanlega matsskyldu framkvæmda á um 6,5 km löngum kafla á Steinadalsvegi (690), milli Vestfjarðavegar (60) og Ólafsdals í sunnanverðum Gilsfirði í Dalabygg. Fram kemur í meðfylgjandi gögnum að ekki verði byggð ný brú yfir Ólafsdalsá í tengslum við fyrirhugaða endurbyggingu Steinadalsvegar en vegriðsendar hennar verða lengdir beggja vegna. Farvegi Ólafsdalsá verði ekki raskað.

Fiskistofa bendir á að sérhver framkvæmd í eða við veiðivatn, allt að 100 metrum frá bakka, sem áhrif getur haft á lífríki vatnsins eða aðstæður til veiði eða er háð leyfi Fiskistofu, sbr. 33. gr. laga nr. 61/2006 um lax- og silungsveiði.

Miðað við forsendur í fyrirliggjandi gögnum telur Fiskistofa ekki nauðsynlegt að framkvæmdin þurfi að undirgangast mat á umhverfisáhrifum.

Virðingarfyllst,  
Fiskistofa

Guðni Magnús Eiríksson  
Sviðsstjóri lax- og silungsveiðisviðs